

**Fundargerð 11. fundar
Bæjarstjórnar
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
6. febrúar 2019 , kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Elín Björg Gissurardóttir, Haraldur Helgason, Ólafur Þór Ólafsson, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Pálmi Steinar Guðmundsson, Svavar Grétarsson, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022 - 1809099

Á 16. fundi bæjarráðs þann 23.01.2019 var lagt fram minnisblað um álagningu og innheimtu fasteignagjalda.

Bæjarráð samþykkti þær tillögur sem koma fram í minnisblaði um álagningu og innheimtu fasteignagjalda og leggur til við bæjarstjórn að þær verði samþykktar.

Á 16. fundi bæjarráðs var einnig lagt fram yfirlit yfir framkvæmdir og fjárfestingar 2019-2022.

Bæjarráð samþykkti að vísa málinu til umfjöllunar í framkvæmda-og skipulagsráði og til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Til máls tóku: MS, DB og EJP.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs á tillögu um álagningu og innheimtu fasteignagjalda samþykkt samhljóða. Samþykkt að vísa fjárfestingaáætlun til frekari vinnslu í bæjarráði.

2. Fjölskyldusvið: fræðsluþjónusta - 1807110

Á 16. fundi bæjarráðs var fjallað um minnisblað um mótun fjölskyldusviðs.

Eftirfarandi er bókað um afgreiðslu bæjarráðs varðandi samning um fræðsluþjónustu:

Bæjarráð samþykkir að samningur við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar verði framlengdur út skólaárið 2019-2020 og verði framlengdur samningur lagður fyrir bæjarráðs.

Til máls tóku: ÓPÓ og DB.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða og að samningur við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar verði framlengdur út skólaárið 2019-2020.

3. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025

Á 16. fundi bæjarráðs lá fyrir tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun Sandgerðishafnar 2019. Eftirfarandi er bókað um afgreiðslu málsins í bæjarráði:

Bæjarráð samþykkir viðaukann með atkvæðum fulltrúa J og D lista. Fulltrúi H lista greiðir atkvæði gegn viðaukanum.

Til máls tóku: EJP, PSG, DB og HH.

Afgreiðsla:

Tillaga um viðauka samþykkt með sex atkvæðum D og J lista gegn þremur atkvæðum B og H-lista.

4. Íþróttamannvirki - 1901070

Á 16. fundi bæjarráðs var samþykkt samhljóða að skipa vinnuhóp til að meta kosti vegna uppbyggingar knattspyrnuvallar eða fjölnota húss með gervigrasi í Suðurnesjabæ.

Til máls tóku: ÓÞÓ og DB.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða. Samþykkt að tilnefna Einar Jón Pálsson, Fríðu Stefánsdóttur og Pálma S Guðmundsson fulltrúa bæjarstjórnar í vinnuhóp.

5. Skrá yfir störf sem undanskilin eru verkfallsheimild - 1901061

Á 16. fundi bæjarráðs lá fyrir tillaga um auglýsingu um störf hjá Suðurnesjabæ sem eru undanþegin verkfallsheimild. Eftirfarandi er bókað um afgreiðslu málsins í bæjarráði:

Framlögð skrá yfir störf hjá Suðurnesjabæ sem eru undanþegin verkfallsheimild samkvæmt lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna er samþykkt og bæjarstjóra falið að láta birta hana með auglýsingu fyrir 1. febrúar 2019.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.

6. Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun - 1807035

Á 7. fundi framkvæmda-og skipulagsráðs var áætlun um næstu skref, tímasetningar, kostnaðaráætlun og samkeppnislýsingu lögð fram til umfjöllunar. Eftirfarandi er bókað um afgreiðslu málsins:

Ráðið samþykkir fyrirhugaðar áætlanir og vísar málinu til samþykktar í bæjarstjórn.

Til máls tóku EJP, ÓÞÓ og LE.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða. Í minnisblaði um málið frá VSÓ dagsett 30. janúar 2019 og var til umfjöllunar í framkvæmda-og skipulagsráði eru tillögur um næstu skref verkefnisins og tíma-og kostnaðaráætlun sett fram ásamt samkeppnislýsingu. Samþykkt að unnið verði eftir þeim tillögum sem gerð er grein fyrir í minnisblaði VSÓ.

7. Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegjar:Tillaga að deiliskipulagi 2018 - 1806454

Á 7. fundi framkvæmda-og skipulagsráðs var samþykkt að ráðið leggur til að umfang fyrirhugaðrar byggðar verði minnkað verulega til að koma til móts við þær athugasemdir sem bárust við tillögunu. Í þessu felst að deiliskipulagstillagan muni einungis afmarkast af norðurhluta svæðisins og nyrðri stofnæð um hverfið.

Íbúðagerðir í skipulaginu taka jafnframt breytingum að hluta til.

Deiliskipulagstillagan með áorðnum breytingum verður í samræmi við gildandi aðalskipulag ef frá eru taldar minni háttar breytingar á mörkum íbúðabyggðar til norðurs og austurs. Lagt er til að bæjarstjórn samþykki fyrirhugaðar breytingar og auglýsi niðurstöðuna í kjölfarið með áberandi hætti auk þess að kynna hana sérstaklega þeim aðilum sem gerðu ofangreindar athugasemdir.

Til máls tók: EJP, DB, ÓÞÓ og PSG.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

8. Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024 Tillaga að breytingu 2018 - 1806469

Á 7. fundi framkvæmda-og skipulagsráðs var málið til umfjöllunar. Eftirfarandi er bókað um afgreiðslu málsins:
Ráðið leggur til að fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu verði frestað með hliðsjón af afgreiðslu 2. máls (7. mál á dagskrá bæjarstjórnar).

Til máls tók EJP.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

9. Verndarsvæði í byggð - Krókskotstún-Landakotstún Sandgerði - 1806563

Á 7. fundi framkvæmda-og skipulagsráðs var fjallað um athugasemd sem barst við tillögu um verndarsvæði í byggð. Ráðið samþykkti að leggja til að skýrslan verði uppfærð m.t.t. athugasemdar sem barst og hún send Mennta-og menningarmálaráðuneyti til staðfestingar.

Til máls tók EJP.

Afgreiðsla:

Afgreiðsla framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.

10. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpa staða á sameiningarhugmyndum - 1806442

Á 499. fundi stjórnar Kölku, sorpeyðingarstöðvar þann 16. janúar 2019 var fjallað um sameiningarviðræður Kölku og Sorpu. Í fundargerð fundarins er gerð grein fyrir málinu ásamt tillögu um framhald þess. Jafnframt liggur fyrir bæjarstjórn erindi frá bæjarstjóra Reykjanesbæjar þar sem boðið er upp á samstarf um ráðgjöf til að fara yfir og gefa álit á stöðu mála í sameiningarviðræðum Kölku og Sorpu.

Til máls tóku EJP, FS, MS, HH, DB, LE og PSG.

Afgreiðsla:

Samþykkt með átta atkvæðum að Suðurnesjabær taki þátt í úttekt á hugsanlegri sameiningu Sorpu og Kölku, sbr. erindi frá bæjarstjóra Reykjanesbæjar. Fulltrúi B lista situr hjá.

11. Byggðamerki og hönnunarstaðall - 1809069

Fyrir liggja þrjár tillögur frá Hvíta húsinu um byggðamerki fyrir Suðurnesjabæ.

Til máls tóku: EJP, MS, HH, PSG, DB, FS og LE.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að byggðamerki sbr. tillaga 1 fari í frekari úrvinnslu.

12. Bæjarráð - 16 - 1901007F

Fundur dags. 23. janúar.

Til máls tók ÓÞÓ, DB, PSG, EJP, SG og HH.

Afgreiðsla:

Bókun D- og J-lista vegna bókunar H-lista við mál nr. 5 á 16. fundi bæjarráðs.

Á 16. fundi bæjarráðs var til afgreiðslu tillaga um viðauka vegna viðbótar stöðugildis við Sandgerðishöfn. Í greinagerð sem fylgdi tillögunni kom fram að höfnin hafi verið undirmönnuð og því nauðsynlegt að fjölga um einn starfsmann til að minnka álag á

starfsmenn og setja upp eðlilegt vaktaplan til að geta veitt þá góðu þjónustu sem við viljum að höfnin sé þekkt fyrir. Með ráðningunni sparast m.a. kostnaður vegna starfsmanns við afleysingar o.fl. Þá skapast aukið svigrúm fyrir hafnarstjóra að vinna að sínum verkefnum, m.a. að markaðssetja höfnina og afla henni aukinna viðskipta eins og til stóð við ráðningu hafnarstjóra. Mikilvægt er að auka tekjur hafnarinnar og til þess að svo megi vera er nauðsynlegt að skapa svigrúm til þess.

Í bókun H-lista við málið á 16. fundi bæjarráðs er fullyrt að starfsmaður sveitarfélagsins sé ekki að sinna daglegum störfum sínum. Það er almennt algerlega óviðunandi að bæjarfulltrúi fari með þessum hætti gegn starfsmanni sveitarfélagsins. Hafi bæjarfulltrúar athugasemdir um störf einstaka starfsmanna sveitarfélagsins má koma því á framfæri við bæjarstjóra. Bæjarfulltrúar D- og J-lista harma að H-listinn velji þann kost að ráðast opinberlega gegn einstökum starfsmönnum sveitarfélagsins með þeim hætti sem gert er með framangreindri bókun á fundi bæjarráðs.

Hlé var gert á fundi að ósk H-lista.

Bókun H-lista

H-listi ítrekar að Hafnarsjóður einfaldlega ráði ekki við að greiða fjögur stöðugildi. Það er okkar mat að þrjú stöðugildi sé nægilegt til að tryggja og veita þá þjónustu sem við viljum að Sandgerðishöfn veiti notendum sínum.

Fundargerðin lögð fram.

12.1 1809099 - Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022

Jón Ben Einarsson sviðsstjóri Umhverfissviðs sat fundinn undir þessum lið.

Yfirlit yfir framkvæmdir og fjárfestingar lagt fram til umræðu. Samþykkt að vísa málinu til umfjöllunar í Framkvæmda- og skipulagsráði og til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Bæjarráð samþykkir þær tillögur sem fram koma í minnisblaði um álagningu og innheimtu fasteignagjalda og leggur til við bæjarstjórn að þær verði samþykktar.

12.2 1807110 - Fjölskyldusvið: fræðsluþjónusta

Sviðsstjóri Fjölskyldusviðs sat fundinn undir þessum lið.

Samþykkt að fela sviðsstjóra Fjölskyldusviðs að vinna tímasetta verkefnisáætlun út frá efni minnisblaðsins og leggja fyrir bæjarráð.

Bæjarráð samþykkir að samningur við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar verði framlengdur út skólaárið 2019-2020 og verði framlengdur samningur lagður fyrir bæjarráð.

Samþykkt að vísa minnisblaði sviðsstjóra Fjölskyldusviðs og fræðslufulltrúa til umfjöllunar í Fræðsluráði.

12.3 1901069 - Búseta fatlaðra með langvarandi stuðningsþarfir

Sviðsstjóri Fjölskyldusviðs sat fundinn undir þessum lið.

Samþykkt að fela sviðsstjóra Fjölskyldusviðs að vinna málið áfram á grundvelli minnisblaðsins.

Samþykkt að óskað verði eftir fundi með Þroskahjálpi til að fara yfir mál sem tengjast framkvæmdum við Lækjamót 61.

12.4 1901013 - Leikskólamál

Sviðsstjóri Fjölskyldusviðs sat fundinn undir þessum lið.

Minnisblöðin lögð fram og rædd. Samþykkt að vísa þeim til umfjöllunar í Fræðsluráði.

Bæjarráð telur rétt að minnisblaði frá RR ráðgjöf verði fylgt eftir með kynningarfundum fyrir alla bæjarfulltrúa sem verði haldinn við fyrsta tækifæri. Bæjarstjóra falið að undirbúa þann fund.

Bæjarráð telur rétt að unnin verði úttekt á stöðu leikskólamála í Suðurnesjabæ og felur bæjarstjóra að láta hefja undirbúning á því.

12.5 1901025 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar

Bæjarráð samþykkir viðaukann með atkvæðum fulltrúa J og D lista. Fulltrúi H-lista greiðir atkvæði gegn viðaukanum.

H-listi lagði fram eftirfarandi bókun:

Sandgerðishöfn er með áætlaðar tekjur í fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2019 þar sem markaðssetning núverandi stjórnar um auknar tekjur koma fram. Þeim tekjum hefur þegar verið fundinn staður í rekstrinum fyrir árið 2019. Nú er verið að óska eftir einu stöðugildi til viðbótar við Sandgerðishöfn og að fjármagna það líka með auknum tekjum uppá 8,5 milljónir en það kemur ekkert fram hvernig á að ná þessum auka tekjum nema aðeins að það sé forgangsmál að auka tekjur á árinu sem framundan er. Svo virðist sem nýráðinn hafnarstjóri eigi ekki að ganga vaktir og leysa úr þeim álagstoppum sem upp koma. Hafnarstjóri hefur verið starfandi í á þriðja mánuð og er ekki enn farinn að vinna að daglegum störfum innan hafnarinnar. Kannski er hans eina starf markaðssetning og að auka tekjur hafnarinnar. Það er mat H-listans að þessi áform geti ekki gengið upp fjárhagslega. Hafnarsjóður ræður einfaldlega ekki við að greiða fjögur stöðugildi. Þessa starfsemi er hægt að leysa með þremur stöðugildum og greiðir H-listinn því atkvæði á móti því að auka stöðugildi í fjögur við Sandgerðishöfn.

12.6 1901070 - Íþróttamannvirki

Minnisblaðið lagt fram og rætt. Samþykkt að vísa málinu til íþrótt- og tómstundaráðs til kynningar.

Tillaga D og J lista um skipan vinnuhóps lögð fram og samþykkt.

Bæjarstjóra er falið að leita eftir tilnefningum í starfshópinn.

12.7 1901064 - Slysavarnadeildin Una - ósk um afnot af Samkomuhúsi

Samþykkt að veita Slysavarnadeildinni Unu gjaldfrjáls afnot af Samkomuhúsinu í Garði, sbr erindi.

12.8 1901061 - Skrá yfir störf sem undanskilin eru verkfallsheimild

Framlögð skrá yfir störf hjá Suðurnesjabæ sem eru undanþegin verkfallsheimild samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna er samþykktur og bæjarstjóra falið að láta birta hana með auglýsingu fyrir 1. febrúar 2019.

12.9 1901053 - Öldungaráð Suðurnesja-fundargerðir 2019

Fundargerðin lögð fram.

13. Framkvæmda- og skipulagsráð - 7 - 1901014F

Fundur dags. 31.01.2019.

Til máls tók EJP.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

- 13.1 1807035 - Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun
Ráðið samþykkir fyrirhugaðar áætlanir og vísar málinu til samþykktar í bæjarstjórn.
- 13.2 1806454 - Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegjar: Tillaga að deiliskipulagi 2018
Ráðið leggur til að umfang fyrirhugaðrar byggðar verði minnkað verulega til að koma til móts við þær athugasemdir sem bárust við tillöguna. Í þessu felst að deiliskipulagstillagan muni einungis afmarkast af norðurhluta svæðisins og nyrðri stofnæð um hverfið. Íbúðargerðir í skipulaginu taka jafnframt breytingum að hluta til. Deiliskipulagstillagan með áorðnum breytingum verður í samræmi við gildandi aðalskipulag ef frá eru talin minni háttar breytingar á mörkum íbúðarbyggðar til norðurs og austurs. Lagt er til bæjarstjórn samþykki fyrirhugaðar breytingar og auglýsi niðurstöðuna í kjölfarið með áberandi hætti auk þess að kynna hana sérstaklega þeim aðilum sem gerðu ofangreindar athugasemdir.
- 13.3 1806469 - Aðalskipulag Sandgerðisbæjar 2008-2024 - Tillaga að breytingu
Ráðið leggur til að fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu verði frestað með hliðsjón af afgeiðslu 2. máls.
- 13.4 1812095 - Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 - breytingar
Ráðið gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á Svæðisskipulagi Suðurnesja.
- 13.5 1901048 - Deiliskipulag á Keflavíkurluvelli - öryggissvæði
Ráðið gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagslýsingu öryggissvæðis Keflavíkurlflugvallar.
- 13.6 1806563 - Verndarsvæði í byggð - Krókskotstún-Landakotstún Sandgerði
Ráðið leggur til að skýrslan verði uppfærð m.t.t. athugasemdar sem barst og hún send mennta- og menningarmálaráðherra til staðfestingar.
- 13.7 1901088 - Fagurhóll 2, 4, 6 - umsókn um lóð
Samþykkt
- 13.8 1901089 - Fagurhóll 9, 11, 13 - umsókn um lóð
Samþykkt
- 13.9 1901090 - Fagurhóll 16, 18, 20 - umsókn um lóð
Samþykkt
- 13.10 1901096 - Nátthagi 12 umsókn um lóð
Samþykkt
- 13.11 1901097 - Fjörulöpp 6-8 - umsókn um lóð
Samþykkt
- 13.12 1809099 - Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022
Lagt fram til kynningar.

14. Íþróttá- og tómstundaráð - 4 - 1901003F

Fundur dags. 15.01.2019.

Til máls tók EJP.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn óskar Kötlu Maríu Þórðardóttur til hamingju með að hafa verið kjörin íþróttamaður Suðurnesjabæjar 2018. Einnig óskar bæjarstjórn Evu Rut Vilhjálmsdóttur til hamingju með viðurkenningu fyrir framúrskarandi störf í þágu íþróttá- og æskulýðsmála.

Fundargerðin lögð fram.

14.1 1811002 - Íþróttamaður ársins, praktísk atriði

Ákveðið var að halda viðburðinn í Samkomuhúsinu í Sandgerði miðvikudaginn 24. janúar kl. 20. Ákveðið var að óska eftir að báðir tónlistarskólarnir komi með tónlistaratriði og Kvennfélagið Hvöt um að sjá um veitingar.

Dagskrá.

Tónlistaratriði

Fundarstjóri bíður fólk velkomið

Ræða frá bæjarstjóra

Frístundavefur opnaður

Tónlistaratriði.

Viðurkenning fyrir störf að íþróttá og æskulýðsmálum

Tilnefndir aðilar heiðraðir

Kjöri um íþróttamann ársins lýst

Kaffiveitingar.

14.2 1811002 - Íþróttamaður ársins, tilnefningar og kjör.

Afgreiðsla: Katla María Þórðardóttir var kjörin íþróttamaður ársins 2018.

14.3 1811002 - Íþróttamaður ársins, viðurkenning ÍT.

Afgreiðsla: Eva Rut Vilhjálmsdóttir var kjörin og verður veitt viðurkenning á athöfnum íþróttamaður ársins.

14.4 1808075 - Frístundavefsíða

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

15. Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2019 - 1901110

Fundur dags. 17.01.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

16. Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerðir 2019 - 1901109

866. fundur stjórnar dags. 25.01.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

17. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1901063

499. fundur stjórnar dags. 16.01.2019.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

18. Brunavarnir Suðurnesja: fundargerðir 2018 - 1809047

37. fundur stjórnar dags. 21.12.2018.

11. fundur Bæjarstjórnar
07.02.2019

Afgreiðsla:
Fundargerðin lögð fram.

19. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1902013

275. fundur dags. 24.01.2019.

Til máls tóku: EJP og HH

Afgreiðsla:
Fundargerðin lögð fram.

Fundi slitið kl. 19:30.

Einar Jón Pálsson

Elín Björg Gissurardóttir

Haraldur Helgason

Ólafur Þór Ólafsson

Laufey Erlendsdóttir

Fríða Stefánsdóttir

Pálmi Steinar Guðmundsson

Svavar Grétarsson

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson
